

Hringsjá
Vorönn 2020



Jörundur

Hundadagakonungur Íslands

Ritgerðarverkefni

(nafnið þitt)

Kennari: *(nafn kennara)*

Inngangur

Í þessari ritgerð ætla ég að fjalla um merkilegan einstakling sem segja má að hafi verið eini konungur sjálfstæðs Íslands þó að stjórnartíð hans yrði stutt og skildi ekki mikið eftir sig, nema í sögum, söngvum og leikritum. Þessi einstaklingur var Jörgen Jörgensen, betur þekktur sem Jörundur hundadagakóngur. Hér verður fjallað um ævi hans, hvernig hann gerðist stjórnandi Íslands með hjálp Englendinga og stjórnartíð hans á Íslandi. Hann átti mikla sögu eftir Íslandsævintýrið en ekki verður fjallað um hana hér.

Uppruni

Jörgen Jörgensen/Jörundur hundadagakonungur fæddist árið 1780. Hann var danskur ævin-týramaður sem fór mjög ungur á sjó, en hann var aðeins 14 ára gamall þegar hann sigldi fyrst. Hann var á breskum skipum og ferðaðist um allan heim. Hann var mjög góður sjómaður og eftir að hafa byrjað sem háseti varð hann síðar meir skipstjóri.

Jörundur sneri til heimaslóða þegar hann var 26 ára gamall, en þá var þessi reyndi sæfari meira enskur en danskur, enda hafði hann eytt 12 árum á sjó með Englendingum.

Stríð Dana og Breta

Er Jörgen var í Danmörku árið 1807 braust út stríð milli Dana og Breta og var hann í kjölfarið gerður að skipstjóra á dönsku víkingaskipi. Þótt hann væri andvígur stríði gegn Bretum stýrði hann þó skipinu sínu í 3 mánuði árið 1808. En það endaði með tapi hans í orrustu við breskt herskip og hann var tekinn sem stríðsfangi. Hann fékk þó að ganga laus gegn drengskaparheiti og settist þá að í London.

Er hann var í London hitti hann íslenskan kaupmann, Bjarna Sívertsen, og frétti hann þar af verslunarmöguleikum sem voru á Íslandi og heilluðu hann mjög mikið. Jörgen var ráðinn sem túlkur þegar sápugeturinn Samuel Phelps leigði skip sem var hlaðið nauðsynjum og fór hann ásamt James Savignac, manni sem hann hafði hitt á veitinga-húsi í London, til Íslands.

Þeim var vísað til baka þar sem þeir fengu ekki verslunarleyfi og þurftu þeir því að koma til baka síðar um sumarið.

Eftir baráttu um verslunarleyfi milli Frederik Trampe og Phelps varð Ísland stjórnlaust. Þess vegna þurfti að finna einhvern sem gæti stjórnað landinu án þess að skerða verslunarhagsmuni Eng-lendinga.

Alls Íslands Verndari

Þar kom Jörgen til sögunnar og reyndist hann vera afar áhugasamur fyrir því starfi. Hann lýsti yfir sjálfstæði Íslands frá Danmörku í kjölfarið og misstu allir Danir embætti sín og eignir.

Hann afskrifaði skuldir við dönsku kaupmennina og konung og svo átti fólk ekki að greiða nema helming skatta næsta ár. Hann lækkaði kornverð og lofaði í kjölfarið að bæta sjúkráhúsmál og skóla. Einnig stefndi hann að því að bæta réttarfar með því að koma á kviðdómi og nú máttu allir landsmenn ferðast frjálssir um landið án þess að hafa leyfisbréf fyrir hendi.

Eitt af fyrstu verkum Jörgens var að opna fangelsið og frelsa þá fanga sem sátu þar inni. Jörgen flutti í stiftamtmannhúsið við Austurstræti 22. Hann tók sér völdin formlega þann 11.júlí 1809 sem „Alls Íslands Verndari“ en lofaði að afsala sér þeim rétti þegar íslenska fulltrúaðingið kæmi saman sumarið eftir.

Í kjölfarið var nýjum íslenskum fána flaggað í Reykjavík, en það var blár fáni með þremur hvítum þorskum á. Reist var virki í Reykjavík og á meðan á því stóð fór Jörgen í tíu daga yfirreið norður í land til að gera eignir dönsku kaupmannanna þar upptækar.

Hann gekk um göturnar í Reykjavík í einkennisbúningi skipherra, vopnaður byssu og sverði og fylgdu honum átta íslenskir hermenn.

En í lok ágúst sama sumar kom breskt herskip til að vernda bresku verslunina, eins og beðið hafði verið um. Skipstjóri þess Alexander Jones trúði því ekki hvað hefði verið í gangi og þá sérstaklega ekki að óvinaþegni hefði verið leyft að taka að sér stjórn landsins.

Allar ákvarðanir Jörgens voru því gerðar ógildar og í kjölfarið var danska landsstjórnin endur-reist.

Valdatímabil Jörgens varði þannig einungis í átta vikur frá 25. júní til 22. ágúst. Þar sem hundadagarnir (23. júlí til 23. ágúst) voru innan þessa tímabils hla ut hann viðurnefnið „hundadagakonungur“. Því má bæta við að hundadagar eru kenndir við Hundastjörnuna (Síríus) sem er greinileg á himni á þessum tíma.

Lokaorð

Eins og sést á þessari stuttu frásögn voru þetta umbrotatímar í sögu Íslands, sem leiddu af stríðinu milli Dana og Breta og baráttu um verslun. Jörundur virðist hafa viljað láta gott af sér leiða en hafði ekki herstyrk til að fylgja því eftir. Það má velta því fyrir sér hver saga Íslands hefði orðið ef honum hefði tekist ætlunarverk sitt. Ætla má að þeir Danir sem hér misstu eignir hefðu mjög þrýst á dönsk stjórnvöld um að leggja landið undir sig á nýjan leik. Og þá er spurning hvernig Bretar hefðu brugðist við. En Jörgens verður um alla framtíð minnst í Íslandssögunni.

Heimildir

- Óðinn Melsted. „Hver var Jörundur hundadagakonungur og hvað var hann að gera á Íslandi?“. Vísindavefurinn 14.11.2013. <http://visindavefur.is/?id=30708>. (Skoðað 7.9.2015).
- Anna Agnarsdóttir, „Aldahvörf og umbrotatímar“, í Saga Íslands IX. Reykjavík, 2008, bls. 3–161.
- Bakewell, Sarah, The English Dane: a life of Jorgen Jorgenson. London, 2005. (Einnig til í íslenskri þýðingu: Bakewell, Sarah, Jörundur hundadagakonungur: ævisaga. Björn Jónsson þýddi. Reykjavík, 2005.)
- Helgi Briem, Sjálfstæði Íslands 1809. Reykjavík, 1936.
- Anna Agnarsdóttir. „Var „íslenska byltingin“ að öllu leyti markleysa? “. Vísindavefurinn 29.10.2003. <https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=3822> (Skoðað 30.9.2016).